

## Fundargerð 170. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 2. mars 2016  
**Fundartími:** 19:00 – 22:20  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Margrét Jónsdóttur  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Rósa Matthíasdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

### **Dagskrá:**

#### **1. Skipulagsmál:**

##### **Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 104, dags. 11.02.2016.**

##### **a) Egilsstaðir lóð 196512: Deiliskipulag – 1509058**

Lögð fram tillaga Landforms ehf. að deiliskipulagi 9,8 ha spildu (Inr. 196512) úr landi Egilsstaða 1. Í ferli er breyting á aðalskipulagi svæðisins úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði þar sem fyrirhugað er að stofna lögbylí á spildunni. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, gestahúss, útihúss og skemmu. *Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagið verði kynnt samhliða breytingu aðalskipulags svæðisins sem kynnt verður á næstu vikum skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Að auki er skipulagsfulltrúa falið að leita umsagnar Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands og kynna málið fyrir aðliggjandi landeigendum.*

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

##### **b) Galtastaðir: Flóahreppur: Aðalskipulagsbreyting – 1502072**

Lögð fram umsögn Isavia dags. 5 febrúar 2016 um athugasemdir sem bárust við lýsingu aðalskipulagsbreytingar fyrir jörðina Galtastaði sem kynnt var með auglýsingu sem birtist 22. október 2015.

*Að mati skipulagsnefndar er búið að svara þeim atriðum sem fram koma í athugasemdum við lýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar og mælir með að tillaga að aðalskipulagsbreytingu verði kynnt skv. 2 mgr. 30. gr skipulagslaga. Æskilegt væri að tillaga að deiliskipulagi svæðisins yrði hluti af skipulagsgögnum.*

Margrét Jónsdóttir vísar af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Sveitarstjórn bendir á að hugsanlega hafi ekki verið send svör við innsendum athugasemdunum til hlutaðeigandi aðila og óskar eftir því að skipulagsfulltrúi sendi afrit af umsögn Isavia vegna athugasemdana.

Að öðru leyti samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu skipulagsnefndar með 4 atkvæðum.

##### **c) Miklholtshellir: Svæði fyrir landbúnaðarstarfsemi: Deiliskipulag – 1601002**

Lögð fram tillaga að lýsingu deiliskipulags fyrir nýtt alifuglahús í landi Miklholtshellis. Gert er ráð fyrir að í nýju húsi verði pláss fyrir allt að 17.500 fugla.

*Skipulagsnefnd telur að í lýsingu þurfi að gera betur grein fyrir hvernig fyrirhugað er að meta umhverfisáhrif og hvaða þættir það eru sem á að meta t.d. lyktarmengun. Þá þyrfti einnig að gera betur grein fyrir hvað gert verður við skít frá starfseminni. Nefndin gerir þó ekki athugasemd við að lýsingin verði kynnt skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga þegar komið hefur verið til móts við fyrrnefndar athugasemdir.*

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**f) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 16 - 23. fundur, dags. 03.02.2016**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. febrúar 2016.

**2. Skipulagsmál:**

**Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 105, dags. 25.02.2016.**

**a) Langholt 2 lnr. 166249: Deiliskipulag – 1509072**

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi sem nær til 1 ha svæðis úr landi Langholts 2 lnr. 166249. Tillagan var auglýst 7. janúar 2016 með athugasemdafresti til 19. febrúar og bárust athugasemdir frá eigendum Langholts 1, Hallanda og Krosshóls sbr. bréf dags. 27. og 29. janúar og 7. febrúar 2016.

*Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki deiliskipulagið með þeirri breytingu að byggingarreitur verði í 50 m fjarlægð frá Hallandavegi til samræmis við ákvæði skipulagsreglugerðar.*

Fyrir sveitarstjórnarfundinum liggur lagfærð tillaga þar sem byggingarreitur er færður. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulagsnefndar með fyrirvara um að skipulagsfulltrúi tryggi að mælingar séu réttar og farið sé eftir ákvæðum skipulagslaga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Hurðarbak 166350: Hurðarbak 1 Stofnun lóðar – 1602049**

Lögð fram umsókn eigenda Hurðarbaks lnr. 166350 í Flóahreppi dag. 16. febrúar 2016 um stofnun 33.007 fm lóðar utan um núverandi íbúðarhús. Lóðin mun fá nafnið Hurðarbak 1.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar Hurðarbak 1 með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda á hnitsetningu landamarka. Ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.*

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**c) Hurðarbak lóð 194373: Breyting á afmörkun – 1602050**

Lögð fram umsókn eigenda Hurðarbaks lóð lnr. 194373 í Flóahreppi dags. 16. febrúar 2016 um breytingu á afmörkun lóðarinnar án þess að stærð hennar breytist.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingu á afmörkun lóðarinnar.*

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 16 – 24 – 1602004F**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 17. febrúar.

**3. Símaþjónusta fyrir Flóahrepp – tilboð**

Lögð fram tilboð frá þremur fyrirtækjum, Símanum Nova og Vodafone í símaþjónustu fyrir Flóahrepp. Sveitarstjóra falið að velja þjónustuaðila miðað við lágsta verð á áætlaðri mánaðarnotkun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Umsögn sveitarstjórnar um:**

**a) Tillögu til þingsályktunar um notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik og íþróttavöllum, 328. mál**

Tillagan lögð fram til kynningar.

**b) Frumvarp til laga sveitarstjórnarlög ( fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn) 296. mál.**

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

- c) **Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (uppbygging ferðamannastaða), 219. mál**  
Frumvarpið lagt fram til kynningar.
- d) **Tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu áningarstaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi, 150. mál**
- e) Tillagan lögð fram til kynningar.
- f) **Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (skilyrði fjárhagsaðstoðar), 458. mál**  
Frumvarpið lagt fram til kynningar.

#### 5. Póstdreifing í dreifbýli – fækkun dreifingardaga

Málefni póstdreifingar í dreifbýli hafa vakið nokkra athygli undanfarið. Nú hefur Íslandspóstur fengið leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til að fækka dreifingardögum á pósti í dreifbýli. Verður pósti dreift þrjá daga í viku aðra vikuna og tvo daga hina vikuna. Með þessu er komið í veg fyrir að dreifbýlið njóti þess að geta notað A póst til sendinga í dreifbýlið og kemur þessi skerðing þannig m.a. í veg fyrir hraðsendingu lyfja og annarra nauðsynjavara á landsbyggðina.

Þetta er ekki eina skerðingin á þjónustu sem íbúar í dreifbýli verða eða hafa orðið fyrir, því fyrir nokkru var lokið við að færa póstkassa frá bæjum að enda heimreiða og eru póstkassar staðsettir allt að 500 m frá heimilum. Með þessum breytingum er farið áratugi aftur í tímann í þjónustu við dreifbýlið og mótmælir sveitarstjórn Flóahrepps þessu harðlega. Svona skerðing á þjónustu við hinar dreifðu byggðir er algjörlega ólíðandi og hvetur sveitarstjórn Flóahrepps Póst og fjarskiptastofnun til þess að fallið verði frá þessari ákvörðun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 6. Akstur í tómsundur á Selfossi

Lagt fram yfirlit yfir nýtingu á ferðum tómsundabílsins í Þingborg og á Selfoss.

Notkun hefur aukist jafnt og þétt frá byrjun desembermánaðar og eru flest 15 börn að nýta sér bílinn á Selfoss á dag.

Ákveðið að bjóða upp á þessa þjónustu óbreytta til maíloka. Gjald verður óbreytt fyrir einstakar ferðir. Ekki er innheimt fyrir ferðir á íþróttæfingar í Þingborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 7. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

#### 8. Fundargerðir:

##### a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 169, dags. 03.02.2016

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

##### b) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna nr. 19, dags. 09.02.2016

Mál sem þarfnast umfjöllunar sveitarstjórnar.

Húsvörðum gefin heimild til þess að innheimta staðfestingargjald allt að 20 % af verðskrá við bókun húsanna.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

##### c) Fræðslunefndar nr. 90, dags. 16.02.2016

**Mál sem þarfnast umfjöllunar sveitarstjórnar:**

- 1) Framlög til endurnýjunar á yfirborði sparkvallar við Flóaskóla. Fyrir liggur að gera þarf meira en að skipta um dekkjakurl á yfirborði vallarins því undirlag vallarins hefur missigið. Þarna er því um meiri fjárútlát en sem nemur endunýjun á yfirborðslagi. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til þessa verkefnis í fjárhagsáætlun ársins 2016. Á það er bent að þetta mál er til umfjöllunar á Alþingi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- 2) Framlag til kaupa á skóhillum, lóðavinnu og annarra frágangsmála í og við skólann. Sveitarstjórn samþykkir ekki aukin fjárframlög til Flóaskóla vegna þessara atriða en felur skólastjóra að kanna hvort möguleiki sé að færa milli liða innan stofnunarinnar í samráði við sveitarstjóra, vegna kaupa á búnaði. Bent er á að framlög til fræðslumála hafa hækkað hlutfallslega meira en sem nemur hækkuðum skatttekjum milli ára. Allt frá stofnun Flóahrepps árið 2006 hefur nánast allt framkvæmdafé sveitarfélagsins farið til uppbyggingar á skólamannvirkjum og viðgerðir á öðrum fasteignum sveitarfélagsins verið látnar bíða vegna þess. Aðrar fasteignir þarf því að setja í forgang núna til þess að þær liggi ekki undir skemmdum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- 3) Vegna niðurstaðna úr brunavarnarskoðun: Vísað til umsjónarmanns fasteigna. Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn gerir athugasemd við það að skólastjóri hafi samþykkt launalaust leyfi án samþykkis sveitarstjórnar eins og gert er ráð fyrir í viðmiðunarreglum KÍ um slík leyfi. Sveitarstjóri upplýsti um að búið er að fara yfir viðmiðunarreglur varðandi launalaus leyfi með stjórnendum Flóaskóla og sameiginlegur skilningur orðinn um að ekki verði gefið leyfi án samþykkis sveitarstjórnar. Sveitarstjórn veitir Þóru Gylfadóttur leyfi frá störfum við Flóaskóla frá 1. ágúst 2016 í eitt ár. Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) Stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. nr 33, dags. 25.02.2016**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) Stjórnar SASS nr. 504, dags. 15.01.2016**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- f) Stjórnar SASS nr. 505, dags. 05.02.2016**

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir með stjórn Sass varðandi frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi), 457. mál. þar sem því er mótmælt harðlega að hægt sé að leigja húsnæði til ferðaþjónustu í 90 daga á ári í samkeppni við ferðaþjónustuaðila sem hafa öll tilskilin leyfi.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur einnig undir með athugasemdum stjórnar SASS vegna breytinga á byggingareglugerð og leggst alfarið gegn fyrirhuguðum breytingum varðandi heimildir til að byggja allt að 25 m<sup>2</sup> húsnæði, bílskúr og gestahús, sem eingöngu er tilkynningaskyلت. Þessar heimildir munu kalla á veruleg vandkvæði með eftirfylgni og eftirlit með framkvæmdum og túlkun einstaklinga um fjarlægðir frá lóðamörkum, sérstaklega í eldri hverfum þar sem ekki er mjög skilgreint deiliskipulag í gildi. Ekki er fyrirsjáanlegt að þetta leiði til lægra íbúðarverðs þar sem áður nefndar heimildir snúa ekki að íbúðarhúsnæði beint eða framkvæmdarkostnaði við byggingu þess.

Sveitarstjórn tekur undir bókun bæjarráðs Árborgar og stjórnar SASS þar sem hvatt er til þess að vetrarþjónusta á Suðurstrandasvegi verði veitt 5 daga vikunar. Brýnt er að geta beint umferð þangað vegna tíðra lokana á Hellsheiði og í Prengslum.

Sveitarstjóra falið að upplýsa þingmenn Suðurlands um afstöðu sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## **9. Efni til kynningar:**

- a) **Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til Jöfnunarjóðs vegna reglugerðar um framlög í málaflokki fatlaðs fólks 2016.**
- b) **Innheimta fasteignagjalda – úr bókhaldi - um álagningu og innheimtu**
- c) **Leyfisbréf – Rekstrarleyfi Þingborg, veitingar og gisting**
- d) **Leyfisbréf – Rekstrarleyfi Félagslundur, veitingar og gisting**
- e) **Leyfisbréf – Rekstrarleyfi Þjórsárver, veitingar**
- f) **Skoðunarskýrsla brunaviðvörðunarkerfis – Þjórsárver**

*Fundi slitið klukkan 22:20.*

Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Margrét Jónsdóttur  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Rósa Matthíasdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir